

Borgarráð

Viðaukar við fjárhagsáætlun 2017

1. Viðauki vegna hverfakosninga

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs verði auknar um 10.000 þkr. árið 2017 vegna aukins umfangs verkefna sem snúa að hugmyndamati og undirbúningi hverfakosninga í íbúalýðræðisverkefninu *Hverfið mitt*. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af liðnum 09205 Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað 4003 Deild opinna svæða.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -10.000
USK	4003	Deild opinna svæða (USK)	Til 10.000
			Samtals 0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Íbúalýðræðisverkefnið *Hverfið mitt* hefur nú hafið göngu sína í sjötta sinn. Þátttaka borgarbúa í verkefninu hefur aukist töluvert sl. ár og samhliða auknum áhuga hefur umfang og vinna við verkefnið aukist. Fjöldi innsendra hugmynda hefur farið stig vaxandi og fjölgað úr 468 árið 2014 í 1080 árið 2017 eða um 130%. Vinnan við að meta þessar hugmyndir er á ábyrgð umhverfis- og skipulagssviðs. Álag vegna hugmyndamats hefur aukist vegna þeirrar ströngu tímalínu sem fylgir verkefninu. Brýnt er að bregðast við auknu umfangi verkefnisins til þess að styrkja innviði þess og bæta verklag við hugmyndamat. Mat innsendra hugmynda er lykilkþáttur í verkefninu og vandað ferli við mat hugmynda eykur jákvæða ímynd verkefnisins.

2. Viðauki vegna Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs (MOF) hækki um 10.290 þkr. vegna aukaframlags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, Ófyrirséð og færist á kostnaðarstað 03102.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -10.290
MOF	03102	Sinfóníuhljómsveit Íslands	Til 10.290
			Samtals 0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Þessi tillaga um viðauka er til að standa undir viðbótarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem er ríkisstofnun, en Reykjavíkurborg er skylt samkvæmt 3. grein laga nr. 36/1982 að standa undir 18% af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitarinnar. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir fjárhagsárið 2017 var gert ráð fyrir að hækka framlag til hljómsveitarinnar í samræmi við verðlag, þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar úr fjárlögum ríkisins áður en fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarstjórn. Skv. staðfestingu frá Fjársýslu ríkisins ber Reykjavíkurborg að greiða 219.500 þkr. framlag árið 2017 og hækkar framlagið skv. því um 7,5% milli ára. Auk þess er gerð krafa um að Reykjavíkurborg greiði 18% hlut í lífeyrisskuldbindingu vegna ársins 2016 eða 4.428 þkr. Samtals er því gert ráð fyrir að greiðsla ársins nemi 223.928 þkr. en samþykkt áætlun nemur 213.638 þkr. Mismunur nemur því 10.290 þkr.

3. Viðauki vegna kostnaðaráhrifa breytinga á starfsmati deildarstjóra á umhverfis- og skipulagssviði

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs (USK) hækki um 12.601 þkr. vegna kostnaðaráhrifa breytinga á starfsmati deildarstjóra. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09126, Launa- og starfsmannakostnaður og færist á viðeigandi kostnaðarstaði hjá sviðinu.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-12.601
USK	xxxxx	Umhverfis- og skipulagssvið	Til	12.601
			Samtals	0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta eða Samstæðu Reykjavíkurborgar árið 2017 og ekki er þörf á jafnréttismati vegna tillögunnar.

Greinargerð:

Í lok síðasta árs lágu fyrir upplýsingar um kostnaðarauka vegna breytinga á starfsmati deildarstjóra á umhverfis- og skipulagssviði. Gerð var breyting á fjárheimildum ársins 2016 í desember sl. vegna þessa, en breytingin náði hins vegar ekki inn í fjárhagsramma sviðsins 2017 fyrir afgreiðslu fjárhagsáætlunar og leiðréttist það hér.

Tillögunum skal vísað til borgarstjórnar.

Dagur B. Eggertsson

